

EFTIRLITSSKÝRSLA

Colas Ísland hf. KVM Hafnarfjörður



Dags eftirlits	15.4.2021	Ábyrgðarmaður eftirlits	Gottskálk Friðgeirsson
Fyrirtæki	Colas Ísland hf. KVM	Eftirlitsmaður	Steingrímur Bragason
Heimili	Gullhellu 1	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	4201871499	Flokkur	Malbik
Fulltrúi fyrirtækis	Harpa Þrastardóttir	ÍSAT nr.	26.82.9
Fulltrúi fyrirtækis	Steingrímur Bragason	Staðsetning	352977,735 396393,374

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávik frá kröfum í starfsleyfi kom fram í eftirliti og ein ábending var gerð.

Grænt bókhald fyrir 2020 hefur ekki borist stofnuninni en skiladagur er 1. maí ár hvert.

UMFANG EFTIRLITS

Til samræmis við ákvæði í reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit var farið í reglubundið eftirlit í malbikunarstöð Hlaðbæjar-Colas KVM að Gullhellu 1 í Hafnarfirði. Meðfylgjandi er dagskrá eftirlitsins:

- Nafnbreyting rekstraraðila
- Olíumannvirki -skráning olíugeyma skv. reglugerð nr. 884/2017.
- Staða fyrri athugasemda og frávíka
- Kröfur í nýju starfsleyfi:
 - áætlanir, mælingar, skýrslur (gagnaskil), tilkynningar og skráningar rekstraraðila
- Tíðni eftirlits og kerfisbundið mat á áhættu - áhættumat 2021
- Önnur mál, atvik, breytingar, óhöpp og kvartanir
- Skoðun á verksmiðju og lóð.

Eftirlitið hófst á fundi í húsakynnum KVM stöðvarinnar að Gullhellu 1. Á fundinum voru Harpa Þrastardóttir og Steingrímur Bragason frá rekstraraðila, Páll Stefánsson frá Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis og Gottskálk Friðgeirsson frá Umhverfisstofnun.

1. Nýtt starfsleyfi var gefið út 31. mars sl. og þá var nafn rekstraraðila Hlaðbær-Colas hf. samkvæmt fyrirtækjaskrá RSK. Nú hefur fyrirtækið tekið upp nafnið Colas Ísland hf. Ekki er þörf að breyta starfsleyfi rekstraraðila af þessum sökum þar sem kennitalan er óbreytt.

2. Rekstraraðili hefur skilað inn skráningarblaði vegna olíugeyma að Gullhellu 1. Sex olíugeymar eru á skrá vegna stöðvarinnar, tveir bikgeymar, þrjú dísilolíugeymar og einn úrgangsolíugeymir. Ef það breytist skal rekstraraðili uppfæra skráningarblaðið og sendi afrit á Umhverfisstofnun. Heilbrigðiseftirlit svæðisins fær afrit af gögnunum.

3. Síðast var komið í eftirlit á árinu 2019.

Eitt frávik kom fram í eftirliti þess árs.

Athafnir rekstraraðila á Silfurhellu 3 eru ekki tilgreindar í eldra starfsleyfi. Í nýju starfsleyfi er þess getið að heimilt sé að reka malbikunarstöð og tengda starfsemi að Gullhellu 1 og Silfurhellu 3. Frávikinu hefur verið lokað.

Eitt frávik kom fram í eftirliti ársins 2018. Niðurstöður mælinga í frárennsli sýndu að fita/olía og svifagnir eru yfir losunarmörkum í starfsleyfi. Rekstraraðili breytti verklagi og ný mæling gaf niðurstöður undir losunarmörkum. Frávikinu hefur verið lokað.

Þrjú frávik komu fram í eftirliti ársins 2017. Frávikum vegna ryks í útblásturslofti yfir losunarmörkum og hraða útblásturslofts í skorsteini má loka þar sem ný mæling sýndi að kröfum í starfsleyfi er náð. Frávik vegna geymslu fínefna í lokuðum geymslum var opið þegar komið var í eftirlit en á fundinum var afhent vottorð byggingarfulltrúans í Hafnarfirði með lokaúttekt á fínefnageymslu. Geymslurnar eru því tilbúnar og í notkun. Frávikinu er því lokað.

Engin eldri frávik vegna umhverfiskrafna eru því opin.

Brugðist hefur verið við ábendingu eftirlitsmanns um að uppfæra viðbragðsáætlanir.

4. Í nýju starfsleyfi er krafa um þrjár skriflegar áætlanir. Áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar, viðbragðsáætlun og áætlun um rekstur rykhreinsibúnaðar. Ekki er gerð athugasemd við áætlanir.

Árlega skal mæla vegna losunarmarkna í útblæstri og frárennsli. Allar tilskyldar mælingar eru að berst til stofnunarinnar og ekki gerð athugasemd við mælingar. Niðurstöður mælinga sýna að er í öllum tilvikum innan tilskilinna losunarmarkna.

Minnt er á ákvæði í grein 4.3 um PAH mælingar. Fyrsta mæling á PAH skal fara fram innan 18 mánaða frá útgáfu nýs

starfsleyfis.

Rekstraraðili skal senda Mannvirkja- og húsnæðisstofnun og Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins afrit af viðbragðsáætlun sinni (gr. 2.5), afriti af niðurstöðum mælinga til Umhverfisstofnunar innan mánaðar frá því að þær eru gerðar (gr. 4.2) og senda umhverfisupplýsingar (áður grænt bókhald) til Umhverfisstofnunar fyrir 1. maí ár hvert, fyrir árið á undan.

Grænt bókhald rekstraraðila hefur ekki borist og er það frávik frá kröfum í starfsleyfi.

Trygging vegna bráðamengunar liggur fyrir.

Rekstraraðili er með vottað umhverfisstjórnunarkerfi (ISO 14001) fyrir starfsemi sína.

Rekstraraðili skal tilkynna gangsetningu og stöðvun rekstrar í stöðinni hafi hann legið niðri í meira en mánuð. Eins ef breyting verður á tengilið rekstraraðila við stofnunina og ef mengunaróhöpp verða á staðnum.

Hæð skorsteins skal minnst vera 34 metrar og fylgjast skal með rykmyndun á svæðinu með myndavélakerfi.

5. Farið var yfir áhættumat um tíðni eftirlits ársins 2021. Breytingar á flokkum og vægi þeirra í áhættumati fyrir malbikunarstöðvar voru kynntar. Uppfært áhættumat fyrir stöðina verður sent rekstraraðila áður en til næsta eftirlits kemur.

6. Fínefnageymsla er nú formlega komin í notkun og nýttist það rekstraraðila vel. Lóðin að Silfurhelli 3 er nú skilgreind sem athafnasvæði Colas Ísland hf. í starfsleyfi.

Engin mengunaróhöpp hafa orðið vegna starfseminnar á Gullhelli 1 og engar kvartanir borist.

Ein kvörtun barst vegna starfsmanna við niðurlagningu malbiks á vatnsverndarsvæðinu nærri Hólmsá. Vegfarendur sáu að afgangsmalvik var hreinsað af vinnutækjum í útjaðri vinnusvæðisins.

7. Við skoðun á aðstöðu rekstraraðila (Gullhella 1 og Silfurhella 3) voru skoðaðir olfugeymar og efnishaugar. Stöðin var í gangi þegar komið var í skoðun.

Aðstaðan er snyrtileg og þökkalega rúmt um efnishauga. Öll umgengni var mjög snyrtileg og ekki tilefni til athugasemda.

Vel er gengið um úrgang og spilliefni.

Frávik frá

Lýsing á fráviki

ákvæði í grein 4.7 í starfsleyfi
Einnig ákvæði í reglugerð nr. 851/2002
um grænt bókhald.

Grænt bókhald fyrir árið 2020 hefur ekki borist.

ÁBENDINGAR


1. Rekstraraðila er bent á að senda eftirlitsaðila uppfært skjal með upplýsingum um olíugeyma (neyslu-, húsa- og lausageyma) sem notaðir eru í stöðinni.

Gögnin verða áframsend á heilbrigðiseftirlit svæðisins.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 16.09.2021



Gottskálk Friðgeirsson

